



# Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2017 haldinn 30. nóvember 2017.

## Fundargerð

Fundur settur kl. 17:15

Mætt: *Sæmundur Árnason, Páll Þ. Ólafsson, Ólafur Pálsson, Jón Þ. Hilmarsson, Dóra Guðrún Kristinsdóttir, Hafsteinn Danielsson, Georg Páll Skúlason, Bryndís Scheving, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Haraldur Ólafsson og Eiríkur Þorláksson.*

Páll Þórir Ólafsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár skv. 16. grein laga félagsins.

Formaður stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða. Formaður stakk upp á Eiríki Þorlákssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

### 1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári:

Páll Þórir Ólafsson formaður kynnti skýrslu stjórnar, sem var ekki tilbúin á fundinum, en lögð fram síðar (sjá meðfylgjandi ársskýrslu sem lögð hefur verið á netsíðu Dalbúa).

Í skýrslunni er m.a. að finna inngang formanns og yfirlit yfir starfseminna á árinu, en jafnframt fylgja með henni skýrslur nefnda, þ.e. – Mótanefndar, Vallarnefndar og Húsanefndar, en skýrslunni fylgir ekki yfirlit rekstraraðila að þessu sinni.

Nýliðið rekstrarár var óvenjulegt í sögu klúbbsins, sem markast einkum af því að eftir að fyrri rekstraraðili lét af störfum var ákveðið að klúbburinn skyldi eignast tæki og búnað til reksturs vallarins, og sjá nýjum rekstraraðila fyrir þeim tækjum og búnaði sem þyrfti til starfseminnar.

Voru þessi kaup m.a. fjármögnuð með þeim hætti að gengið var til samninga við Grafíu stéttarfélag, VM – félag vélstjóra og málmteknimanna og Rafiðnaðarsamband Íslands um að þessir aðilar keyptu hluta í golfskála Dalbúa í Miðdal, og jafnframt voru gerðir samningar við þessi félög um kaup á sumarkortum og sérstakan afslátt á völlinn til félagsmanna þeirra. Með þessum samningum tókst að fjármagna nauðsynleg kaup á tækjum og búnaði af fyrri rekstraraðila og leggja nýjum rekstraraðila til þau tæki sem þyrfti til reksturs vallar og skála.

Nýr rekstraraðili, Teigarhorn ehf., tók við rekstri vallarins og skálans frá 1. maí 2017. Var völlurinn almennt í mjög góðu ástandi þegar leið á sumarið, eftir nokkra byrjunarörðugleika, m.a. vegna viðgerða á tækjum, og var almenn ánægja með völlinn, sem var snyrtilegur og vel hirtur, og þjónusta í skála var einnig hin besta. Voru samskipti rekstraraðila og félagsmanna góð, en því miður var veður oft til trafala er leið á sumarið, sem varð til þess að nokkur mót féllu niður og aðsókn var lakari en vænta mátti. M.a. vegna þessa urðu tekjur rekstraraðila af starfseminni minni en þau höfðu vænst, og ákváðu því að hverfa frá þessum rekstri eftir sumarið.

Það verður því eitt helsta verkefni nýrrar stjórnar að finna nýja rekstraraðila fyrir völlinn og golfskálann fyrir sumarið 2018.

Að hausti voru allar flatir vallarins gataðar, og farið var yfir vélar og búnað fyrir veturinn. Það er ljóst að sumar vélanna þurfa verulegar endurbætur til að geta dugað vel fyrir næsta



sumar, og einnig þarf að huga að viðhald annars búnaðar, m.a. vökvunarkerfis, en ekki reyndi þó mikið á það í sumar.

## 2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins:

Eiríkur Þorláksson gjaldkeri fór yfir ársreikninginn, sem var lagður fram á fundinum (sjá meðfylgjandi ársreikning 21/10 2016 – 31/10 2017).

Rekstrartekjur ársins voru nær 4,9 m.kr., og rekstrargjöld svipuð, en afgangur frá rekstri var rúmlega 15 þús.kr. Eigið fé er um 15,4 m.kr. en skuldir um 850 þús.kr. Félagið á í lok rekstrarársins um 80 þús. kr. á bankareikning og skammtímakröfur eru rúmlega 50 þús.kr. og veita ásamt bankainneign örlítið svigrúm til greiðslu fastra reikninga fram að vori.

## 3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar:

Rætt var að þátttaka í mótum sumarsins hafi verið mun lakari en árin á undan, og ræddar mögulegar orsakir minnkandi þátttöku félagsmanna í mótum. Aðsókn að vellinum dróst heldur saman milli ára, þrátt fyrir góðar vallaraðstæður, og má þar væntanlega helst um kenna rigningum í júlí. Fjöldi félagsmanna fer enn minnkandi og meðalaldur hækkandi, og má vænta þess að þessi þróun haldi áfram á næstu árum að óbreyttu.

Fundarmenn voru sammála um að klúbburinn skyldi halda áfram sömu stefnu og verið hefur, þ.e. að efna ekki til skulda til að standa undir framkvæmdum, heldur að leita eftir sérstakri fjáröflun til að standa að nýrri uppbyggingu, jafnframt því sem tryggja þyrfti rekstrargrundvöll starfseminnar frekar.

Nokkur umræða varð um greiðslu leigugjalds fyrir landið sem völlurinn í Miðdal stendur á, sem greiða skal skv. samningi klúbbsins og landeiganda (Grafiu) frá 9. júlí 1994. Samið hefur verið um fyrirkomulag á greiðslu áfallinnar leigu, en lagt var til að unnið yrði að endurskoðun samningsins m.a. til að skilgreina með skýrum hætti það land sem GD nýtir undir starfseminna.

Formaður Grafiu (Georg Páll Skúlason) lýsti yfir ánægju með samstarf Grafiu og Dalbúa, og lýsti sig reiðubúinn til að vinna að endurskoðun samningsins frá 1994 og áframhaldandi stuðningi við starfsemi klúbbsins. Þá væri eðlilegt að klúbburinn leitaði frekari leiða í fjáröflun til nýrra framkvæmda við völlinn, og taldi að stuðningsaðilar klúbbsins væru eflaust tilbúnir til að koma þar að málum.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með samstarf við vinavelli, sem ýmsir hefðu notað sér af mikilli ánægju. Þá lýstu menn ánægju með glæsilega ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni, og töldi ánægjulegt að sjá að vel væri farið með fjármuni félagsins.

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur félagsins fyrir 2017 var samþykktur samhljóða.

## 4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga:

Stjórnin lagði fram eina tillögu um breytingu á lögum klúbbsins, þ.e. um breytingu á 10. gr. laganna sem fjallar um skipan stjórnar. Í gildandi lögum hljóðar 1. mgr. greinarinnar svo: „Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru á aðalfundi: Formaður skal kosinn til eins árs í senn. Annað hvert ár skal kjósa 3 aðalmenn til tveggja ára og hitt árið 3 aðalmenn til tveggja ára. Varamenn eru tveir og skulu kosnir til eins árs í senn. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn kallaðir til í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir við kjör eða kosnir. Varamenn mega sitja alla stjórnarfundi í félaginu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir aðeins í forföllum aðalmanna. Stjórnarmenn og varamenn má endurkjósa.“



Gerð var tillaga um að fækka stjórnarmönnum um tvo , þ.e. úr sjö í fimm, þar sem erfiðlega hafi gengin undanfarin ár að fá félagsmenn til stjórnarstarfa. Þannig breytt mun 1. mgr. 10. gr. hljóða svo:

*„Stjórn félagsins skipa fimm menn sem kosnir eru á aðalfundi: Formaður skal kosinn til eins árs í senn. Annað hvert ár skal kjósa 2 aðalmenn til tveggja ára og hitt árið 2 aðalmenn til tveggja ára. Varamenn eru tveir og skulu kosnir til eins árs í senn. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn kallaðir til í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir við kjör eða kosnir. Varamenn mega sitja alla stjórnarfundi í félaginu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir aðeins í forföllum aðalmanna. Stjórnarmenn og varamenn má endurkjósa.“*

Var þessi tillaga til breytinga á lögum félagsins samþykkt samhljóða.

## **5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræður og afgreiðslu:**

Engar frekari tillögur bárust sem skyldu teknar til umræðu eða afgreiðslu, og því engin umræða um þennan lið.

## **6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár:**

Af hálfu stjórnar kom fram, að við ekki væri lögð fyrir fundinn sérstök tillaga um árgjöld, heldur lagt til að ákvörðun um árgjöld og önnur gjöld væri vísað til stjórnar til ákvörðunar.

Bent var á að nú væri fyrirkomulag árgjalda þannig að bæði væri um að ræða einstaklingsgjöld og hjónagjöld, og að einnig væru aldursmörk fyrir félagsgjöldin, þ.e. þeir sem væru 67 ára og eldri greiddu lægri gjöld (bæði sem einstaklingar og hjón). Þá greiða þeir sem eru skráðir í annan golfklúbb sem aðalklúbb lægra gjald sem nemur svonefndu GSÍ-gjaldi, sem væri innheimt með árgjaldi í aðalklúbb.

Þessi mismunandi flokkun gerir að verkum að í reynd greiðir aðeins lítill hluti félagsmanna Dalbúa fullt árgjald, og tekjur af árgjöldum eru því hlutfallslega nokkru lægri en reiknað hefur verið með.

Var stjórn falið að ákveða árgjöld og vallargjöld 2018 með þetta í huga.

## **7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins:**

Fundarstjóri tilkynnti að Páll Þórir Ólafsson, sem verið hafi formaður klúbbsins frá aðalfundi 2009, byði sig ekki fram til endurkjörs. Fundarstjóri bar upp tillögu um nýjan formann Dalbúa, og var hún samþykkt samhljóða:

- Formaður var kjörinn Bryndís Scheving.

- Í aðalstjórn sitja, kjörnir til tveggja ára á aðalfundi 2016: Ásbjörn Sveinbjörnsson og Eiríkur Þorláksson.

- Varamenn voru kjörnir til eins árs: Hafsteinn Daníelsson og Ragnhildur Bender.

Ekki bárust önnur framboð til stjórnarsetu, og var stjórn falið að vinna að því að fá fleiri félagsmenn til stjórnarstarfa. Var samþykkt að svo yrði litið á að þeir sem settust nýir í stjórn teldust kjörnir stjórnarmenn til tveggja ára.

## **8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara:**

Stungið upp á Jóni Þ. Hilmarssyni og Guðmundi R. Valtýssyni.

Samþykkt samhljóða.



## **9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar:**

Gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2018 til kynningar. Af því tilefni urðu nokkrar umræður um mögulega frekari tekjuöflun klúbbsins t.d. af merkingum brauta, auglýsingum á brautum o.fl., um aðferðir við öflun styrkja, sölu á merktum varningi o.s.frv. Fundarmenn voru sammála um að leita mætti ýmissa leiða til að auka tekjur klúbbsins og þar með möguleika til að kosta ýmis verkefni, en rétt væri engu að síður að fara varlega við gerð fjárhagsáætlana og miða við þann grunn sem félagið hefur á að byggja.

Fjárhagsáætlun ársins 2018 samþykkt samhljóða.

## **10. Önnur mál:**

a) Nýkjörinn formaður, Bryndís Scheving, þakkaði fundarmönnum traustið og vonaðist eftir góðum samskiptum við félagsmenn í leik og starfi; það væri sameiginlegt áhugamál okkar allra að golfvöllur klúbbsins í Miðdal væri sem bestur vettvangur fyrir okkur öll og þá sem vildu njóta hans með okkur, og það væri eðlilega helsta verkefni stjórnar hverju sinni að sjá til þess að svo gæti verið.

Einnig þakkaði hún fráfarandi formanni, Páli Þ. Ólafssyni, fyrir mikið og gott starf fyrir klúbbinn í gegnum árin, og upplýsti að Páll væri alls ekki að yfirgefa starfið – hann hafi samþykkt að annast áfram vefsíðu klúbbsins og mundi koma að öðru starfi eftir því sem tilefni gæfist til. að lokum góðan fund og undirtektir.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundi slitið kl. 18:30.